



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi umferð í Ármúla (US200305).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. september 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins :

Þar sem fjöldi verslana og fyrirtækja hefur flutt í Ármúlann undanfarin ár er umferð orðin töluvert mikil um götuna. Umferð hefur aukist vegna t.d. lokana í miðbænum og þrenginga á Grensásveg. Í skipulagslýsingu sem lögð var fram í ágúst 2019 eru fyrirhugaðar breytingar tilgreindar. Í þeim felst að þétta byggð og eiga allt að 450 íbúðir og atvinnuhúsnæði rísi t.d. á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af því að þarna verði mikil þrengsli þar sem umferð af alls kyns tagi mun aukast ekki síst vegna lokana í miðbænum.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvaða áhrif breytingar á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31 muni hafa á umferð og rými vegfarenda? Eftir lokun miðbæjarins hefur umferð aukist mjög á þessu svæði, Ármúla og einnig Hallarmúla.

Fulltrúa Flokks fólksins hafa einnig borist upplýsingar um að Reykjavíkurborg áformi breytingar á Ármúlanum ofar í götunni, á milli Vegmúla og Selmúla og að hæðarmælingar og annar undirbúningur hafi farið fram.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvaða breytingar séu fyrirhugaðar á þessum hluta Ármúla af hálfu skipulagsyfirvalda?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 9. september 2020.

Svar við fyrirspurn :

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á Ármúlanum ofar í götunni að svo stöddu en með uppbyggingu á Orkureitnum er þó fyrirhugað að færa Ármúlann í betra horf m.t.t. öryggis og aðgengis gangandi vegfarenda.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. júlí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut



34/Ármúla 31, reitur 1.265- Orkureitur. Meðal kynningargagna er að finna samgöngumat sem unnið var af VSÓ Ráðgjöf.

Samkvæmt niðurstöðum samgöngumatsins er áætluð heildarferðamyndun vegna uppbyggingarinnar 7.437 ferðir á sólarhring sem skiptast svo:

Ferðamyndun samkvæmt markmiði um breyttar ferðavenjur.	
Ferðamátar	Ferðir á sólarhring
Bíll	4.313
Gangandi	1.487
Hjólandi	744
Almenningssamgöngur	892
Samtals ferðir	7.437

Þessi umferð dreifist á göturnar í kring en fer ekki öll út á Ármúlann. Núverandi umferð Ármúla við Grensásveg er um 9.500 ökutæki á sólarhring.

Um aðrar niðurstöður vísast til samgöngumatsins sem er aðgengilegt á heimasíðu Reykjavíkurborgar:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/sudurlandsbraut_34-_armuli_31_-_orkureitur_samgongumat.pdf

Beðist er velvirðingar á tögum á svari við fyrirspurninni.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri